

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/479****2016/EES/63/08**

frá 1. apríl 2016

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á stevíóglýkósíðum (E-960) sem sætuefni í tiltekna drykkjarvörur sem eru orkuskertar eða án viðbættis sykurs (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 <sup>(2)</sup>, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 3) Hinn 25. mars 2013 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir notkun á stevíóglýkósíðum (E-960) sem sætuefni í tiltekna drykkjarvörur, sem eru orkuskertar eða án viðbættis sykurs, sem falla undir matvælaundirflokkinn 14.1.5.2 „Annað“ í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Umsóknin var síðan gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008.
- 4) Stevíóglýkósíð eru hitaeiningalaus, bragðsæt innihaldsefni og þau má nota í tiltekna drykkjarvörur í stað hitaeiningaríks sykurs og draga þar með úr hitaeiningainnihaldi þessara vara. Af þessum sökum gefa stevíóglýkósíð þessum drykkjarvörum sætt bragð án þess að bæta viðbótarhitaeiningum í fullunnu vöruna og neytendum bjóðast vörur sem eru orkuskertar eða án viðbættis sykurs, í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008.
- 5) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 87, 2.4.2016, bls. 1. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 208/2016 frá 28. október 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum (Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1).

- 6) Á árinu 2010 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit <sup>(3)</sup> um öryggi stevíólglykósíða við tillagða notkun sem matvælaaukefni (E 960) og fastsetti ásættanlega, daglega inntöku (ÁDI) við 4 mg/kg líkamsþyngdar á dag, gefið upp sem stevíóljafngildi. Matvælaöryggisstofnunin endurskoðaði mat á váhrifum af völdum stevíólglykósíða í ljósi tillagðar rýmkunar á notkun á þeim sem matvælaaukefni og lét í ljós álit 2. maí 2014 <sup>(4)</sup> og 30. júní 2015 <sup>(5)</sup>. Að því er varðar þessa rýmkun á notkun komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að áætluðu váhrifin séu undir ásættanlegri, daglegri inntöku fyrir alla aldursflokka að einu landi undanskildu þar sem smábörn eru við efri hluta hæstu gildanna (95. hundraðshlutableil). Útreikningar á váhrifum, sem *Rijksinstituut voor Volksgezondheid en Milieu* sá um, sýndu að tillögð rýmkun á notkun hafði ekki áhrif á 95. hundraðshlutableilið að því er varðar váhrif á ung börn í Hollandi á aldrinum 2.–6. ára og að óáfengir drykkir og bragðbættar, gerjaðar mjólkurvörur stuðluðu áfram að mestu leyti að váhrifum af völdum stevíólglykósíða á þennan aldursflokk.
- 7) Með hliðsjón af því að matvælaundirflokkur 14.1.5.2 nær yfir vörur sem ekki eru ætlaðar smábörnum til neyslu (12–35 mánaða gömul) er tillögð notkun og notkunarmagn stevíólglykósíða (E 960) sem sætuefni ekki öryggisvandí.
- 8) Þess vegna er rétt að leyfa notkun stevíólglykósíða (E 960) sem sætuefni sem bætt er við drykkjarvörur sem eru orkuskertar eða án viðbættis sykurs í matvælaundirflokki 14.1.5.2 „Annað“: kaffi-, te- og jurtedrykkir (hámarks-magn sem nemur 30 mg/l), bragðbætt skyndikaffi og bragðbættar cappuccino-skyndivörur (hámarks-magn sem nemur 30 mg/l) og bragðbættir drykkir, að stofni til úr malti, og drykkir bragðbættir með súkkulaði/cappuccino (hámarks-magn sem nemur 20 mg/l).
- 9) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

##### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. apríl 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

<sup>(3)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(4), 1537.

<sup>(4)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2014 12(5), 3639.

<sup>(5)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(6), 4146.

## VIÐAUKI

Ákvæðum E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í matvælaundirflokki 14.1.5.2 „Annað“ bætast við eftirfarandi færslur fyrir E 960 á eftir færslunni fyrir E 491–495 Sorbítanesterar:

„E 960	Stevíólglykósið	30	(60) (93)	Einungis kaffi-, te- og jurtadrykkir, orkuskertir eða án viðbættis sykurs
E 960	Stevíólglykósið	30	(60) (93)	Einungis bragðbætt skyndikaffi og bragðbættar cappuccino-skyndivörur, orkuskert eða án viðbættis sykurs
E 960	Stevíólglykósið	20	(60) (93)	Einungis bragðbættir drykkir, að stofni til úr malti, og drykkir bragðbættir með súkkulaði/cappuccino, orkuskertir eða án viðbættis sykurs

- 2) Í matvælaundirflokki 14.1.5.2 „Annað“ bætast við eftirfarandi neðanmálgreinar:

„(60): Gefið upp sem stevíóljafngildi.

- 93): Hámarksgildið á við um vörur sem eru tilbúnar til drykkjar (t.d. í dós) og blöndur þeirra og þykkni eftir tilreiðslu og tilbúin til neyslu.“